

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um Sjóðshappdrætti Háskóla Íslands,  
nr. 410 20. ágúst 1991.**

1. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Sölu hvers flokks skal að jafnaði ljúka á þriðjudagi og eigi síðar en tveimur klukkustundum fyrir útdrátt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. janúar 1992.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**Jón Thors.

8. janúar 1992

Nr. 23

**GJALDSKRÁ**

**fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu  
varðandi köfunarmál.**

1. gr.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar . . . . .	1 750
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör) . . . . .	1 500
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar . . . . .	450
Fyrir skoðun búnaðar greiðir eigandi búnaðarins laun starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins þann tíma er skoðunin tók og annan útlagðan kostnað, þó eigi dagpeninga og ferðakostnað.	

2. gr.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:	kr.
Fyrir próf til C-réttinda . . . . .	8 400
Fyrir próf til B-réttinda . . . . .	16 700
Fyrir endurupptöku prófs . . . . .	5 600

3. gr.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirgreind gjöld:	kr.
Fyrir útgáfu atvinnuskírteinis kafara . . . . .	3 900
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara . . . . .	1 500

4. gr.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.